



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar  
Almar Guðmundsson  
Ráðhús Garðabæjar  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Kópavogur, 18. nóvember 2022  
Málsnr. 2208011/JKÁ

## Efni: Tillaga að loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins – kynning og beiðni um ábendingar

Á 546. fundi stjórnar SSH, hinn 7. nóvember 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

### *Niðurstaða fundar:*

*SSH er falið að senda fyrirbyggjandi tillögu til aðildarsveitarfélaganna til umræðu og ábendinga að nýju, m.a. vegna nýrra sveitastjórna og fagnefnda sem ekki hafa fengið tækifæri til að fjalla um drögin. Verði málinu fylgt eftir af hálfu SSH. Jafnframt verði SSH falið að fylgja viðræðum eftir við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og til að skoða nánar samstarf um hvernig eftirfylgni og utanumhald verði sem best komið fyrir stefnunna.*

### **Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:**

Meðfylgjandi er tillaga að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið dags. sept. 2022 og minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 5. september 2022. Óskað er eftir því að gögnin verði kynnt á vettvangi tilheyrandi fagnefnda sveitarfélagsins eða öðrum vettvangi sem þykir viðeigandi.

Óskað er eftir að ábendingar, ef einhverjar eru, berist til SSH fyrir 16. desember 2022. Fyrir kynningu á verkefninu skal hafa samband við [jon@ssh.is](mailto:jon@ssh.is). Gert er ráð fyrir að tillagan fari aftur fyrir stjórn SSH eftir að kynningar hjá sveitafélögnum hafa átt sér stað.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar

Jón Kjartan Ágústsson  
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Meðfylgjandi:

Tillaga að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið og aðgerðaráætlun, dags. sept. 2022.  
Minnisblað svæðisskipulagsstjóra til stjórnar SSH dags. 5. sept. 2022.